

Fimmtudaginn 20. október 1994.

Nr. 329/1994.

Ákærvaldið

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Guttormi Einari Viðarssyni

(Jón Oddsson hrl.)

Ávana- og fíkniefni. Játningarmál. Refsiákvörðun. Upptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediksdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu eingöngu um ákvörðun refsingar, en af hálfu ákærvalds var því skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 28. júní 1994 til þyngingar refsingu.

Með hliðsjón af því, að í ljós er leitt, að amfetamín það, sem ákærði flutti til landsins, hefur verið blandað, eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hans ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Guttormur Einar Viðarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 16. júní 1994.

Ár 1994, fimmtudaginn 16. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinsyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-190/1994: Ákærvaldið gegn Guttormi Einari Viðarssyni, en málið var dómtekið 1. júní sl. á grundvelli 125. gr. laga nr. 19/1991.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 15. mars 1994, á hendur „Guttormi Einari Viðarssyni, Móafliót 57, Garðabæ, fæddum 28. mars 1972, fæðingarnúmer 366, fyrir brot á lögum um ávana- og fíkniefni, framin á árinu 1992, svo sem hér greinir:

1. Þriðjudaginn 3. nóvember flutt 167,2 g af amfetamíni til landsins frá Amsterdam, og var ákærði handtekinn við komu til Keflavíkurflugvallar og hald lagt á efnið.
2. Haft í vörslum sínum á heimili sínu 0,1 g af amfetamíni, sem lögregla fann við hútleit föstudaginn 6. nóvember.
3. Framangreind háttsemi ákærða telst varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986, sbr. reglugerð nr. 177/1986, sbr. auglýsingu nr. 84/1986.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar. Enn fremur er þess krafist, að gerð verði upptæk samtals 167,3 g af amfetamíni, sbr. 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986“.

Niðurstöður.

1.

Dómurinn telur sannað með skýlausri játningu ákærða, sem fær stuðning af öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi flutt 167,2 g af amfetamíni til landsins frá Amsterdam, en svo sem rakið var, bar ákærði, að ytra hefðu verið keypt 120 g og efnið blandað svo sem lýst var. Niðurstöðu greiningar efnisins sýnir, að efnið var mjög blandað koffeíni, en í niðurstöðu Rannsóknastofu í lyfjafræði segir, að magn amfetamínsúlfats í sýninu, sem greint var, hafi verið 12% og það svari til 9% amfetamínbasa. Þá segir í niðurstöðu rannsóknastofunnar, að magn koffeíns hafi verið 73%, og í niðurstöðu segir, að sýnið, sem greint var, hafi verið amfetamín, en mjög blandað koffeíni.

2.

Sannað er með skýlausri játningu ákærða, að hann hefur framið háttsemi þá, sem lýst er í þessum ákærulið.

Brot ákærða eru rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæruskjali.

Ákærði hlaut tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi árið 1990 fyrir þjófnað, nytjastuld og umferðarlagabrot. Þá gekkst ákærði undir dómsátt árið 1991 fyrir fíkniefnabrot.

Ákærði hefur játað brot sín hreinskilnislega. Telur dómurinn verknað þess einstaklings, sem tekur að sér flutning fíkniefna til landsins, vera jafn-

saknæman verknaði þeirra, sem kaupa efnin ytra og/eða meðhöndla á annan hátt hér á landi. Þeir, sem sammælast um að flytja fíkniefni til landsins, geta ekki dreift refsíabyrgðinni á þann hátt, að einn kaupi efni ytra, annar flytji efnin til landsins og hinn þriðji taki við efnunum hér á landi. Allir þessir aðilar bera jafna refsíabyrgð, og má í þessu sambandi vísa til refsíhækkunarástæðu 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga, en svo sem rakið var, flutti ákærði fíkniefni til landsins.

Refsing ákærða er hér ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, og þykir hún hæfilega ákvörðuð fangelsi í 8 mánuði. Til frádráttar refsivist ákærða komi 8 daga gæsluvarðhald, en ákærði sætti gæsluvarðhaldi frá kl. 16,38 4. nóvember 1992 til kl. 18,03 11. sama mánaðar.

Ákærði hefur samþykkt upptökukröfu ákæruvaldsins, og eru dæmd til upptöku samtals 167,3 gr af amfetamíni, og vísast til 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 vegna upptökunnar.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 30.000 krónur í málsvarnarlaun til verjanda síns, Jóns Oddssonar hrl.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guttormur Einar Viðarsson, sæti fangelsi í 8 mánuði, en til frádráttar refsivistinni komi 8 daga gæsluvarðhald ákærða.

Ákærði sæti upptöku til ríkissjóðs á 167,3 gr af amfetamíni.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 30.000 krónur í málsvarnarlaun verjanda síns, Jóns Oddssonar hrl.